

**SOS-barnaporpin**

**Ársreikningur 2019**

Hamraborg 1  
200 Kópavogur

Kt. 500289-2529

## Efnisyfirlit

---

Áritun óháðs endurskoðanda .....	1
Áritun og skýrsla stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Skýringar .....	6

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar í SOS-barnaþorpunum

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SOS-barnaþorpanna fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2019, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Óhæði

Við erum óháð SOS-barnaþorpunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi SOS-barnaþorpanna og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp samtökin eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- \* Við greinum og metum hættunarfæri á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnuðum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- \* Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- \* Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- \* Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samtakanna.
- \* Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

### Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Kópavogur, 7. september 2020

Árni Snæbjörnsson  
lögiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

## Áritun og skýrsla stjórnar

---

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga í fyrsta skiptið fyrir rekstrarárið 2019.

Aðalstarfsemi samtakanna er barnahjálp. Fjöldi ársverka var 5.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hækkun á hreinni eign til greiðslu hjálparstarfs á árinu 2019 kr. 44.165.321. Hrein eign félagsins í árslok var kr. 490.366.674. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn SOS-barnaporpanna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Kópavogur, 7. september 2020

---

*Þórunn Þorvaldsson*

*Maria Rúnisdóttir*

*HILDUR HÖRN ÞAARADÓTTIR*

*Olaf Ben Jónsson*

*Ragn Sche*

## Rekstrarreikningur

	Skýr.	2019	2018
<b>Framlög</b>			
Framlög styrktarforeldra og barnaþorpsvina .....		422.631.445	419.807.592
Gjafir til barna .....		10.314.470	12.640.699
Fjölskylduvinir, mánaðarleg framlög .....		18.205.930	17.708.048
Frjáls framlög og fjáraflanir .....		73.662.280	76.065.434
Fyrirtækja- og stofnanaframlög .....		22.875.259	17.763.516
Erfðagjafir .....		0	10.000.000
Opinber framlög .....		69.658.746	19.380.153
Húsaleigutekjur .....		1.989.478	1.937.896
Vaxta, fjármagnstekjur og gengishagnaður .....		47.967.696	51.766.109
		<u>667.305.304</u>	<u>627.069.447</u>

## Útgjöld

Framlög til barnaþorpa .....	3	359.236.728	356.836.449
Gjafir til styrktarbarna .....		10.314.470	12.640.699
Framlag til SOS International .....		44.379.346	41.344.085
Stuðningur vegna verkefna .....		33.998.400	22.484.491
Opinber ráðstöfun til verkefna .....		69.658.746	19.380.153
Tilkostnaður vegna fjáraflana .....	6	22.534.122	19.455.151
Rekstur fasteignar .....	5	1.931.363	2.310.294
Laun og launatengd gjöld .....	4	54.874.515	48.169.224
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta .....		1.092.653	1.201.733
Kynningar- og markaðsmál .....	7	4.707.552	6.644.105
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	8	17.054.905	16.643.149
Afskriftir .....	9,10	3.357.183	3.323.302
		<u>623.139.983</u>	<u>550.432.835</u>
Hækkun á hreinni eign til greiðslu hjálparstarfs .....		44.165.321	76.636.612

## Efnahagsreikningur

	Skýr.	2019	2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Fasteign .....	9	25.811.340	27.434.674
Áhöld og innbú .....	10	4.223.662	3.924.560
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>30.035.002</b>	<b>31.359.234</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Óinnheimtar tekjur (kreditkort o.fl.) .....		13.683.738	679.920
Fyrirframgreidd styrktarframlög .....	11	104.961.431	139.615.034
Eignastýring Landsbankans .....	12	296.311.486	342.910.249
Sjóður og bankareikningar .....	13	274.051.592	192.522.891
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>689.008.247</b>	<b>675.728.094</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>719.043.249</b>	<b>707.087.328</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	14	210.701.063	226.122.715
Neyðarsjóður KDI .....		23.326.104	30.117.604
Varasjóður .....		35.874.773	35.874.773
Frátekið vegna verkefna .....	15	220.464.734	154.086.261
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>490.366.674</b>	<b>446.201.353</b>
<b>Skammtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
SOS Vínborg .....	16	191.195.906	189.100.651
Ýmsar skammtímaskuldir .....	17	37.480.669	71.785.324
<b>Skuldir samtals</b>		<b>228.676.575</b>	<b>260.885.975</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>719.043.249</b>	<b>707.087.328</b>

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

SOS-Barnaþorpin eru frjáls félagasamtök og er megin starfsemi samtakanna fólgin í barnahjálpi. Lögheimili félagsins er að Hamraborg 1, 200 Kópavogur.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður í fyrsta skiptið í samræmi við lög um ársreikninga fyrir árið 2019 og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt þar sem við á. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum.

### *Breytingar frá fyrra ári*

15% umsýslu- og eftirlitsgjald er ekki fært sérstaklega í rekstrareikningi til lækkunar á einstökum kostnaðarliðum, sbr. fyrri ár og tekið er fram í skýringu nr. 3.

Á árinu 2019 var gerð sú breyting að eftirfarandi er nú flokkað meðal eigin fjár í stað skuldbindinga, þ.e. neyðarsjóður KDI, varasjóður og frátekið vegna verkefna sbr. skýring nr. 14. Fjárhæðum ársins 2018 hefur verið breytt til samanburðar í skýringu nr. 14 og 15.

Eignastýring félagsins er nú færð á markaðsvirði, að teknu tilliti til fjármagnstekjuskattsáhrifa, sbr. skýring nr. 12. Fjárhæðum ársins 2018 hefur verið breytt til samanburðar.

### *Matsaðferðir*

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### *Handbært fé*

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

### *Framlög*

Framlög eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samtakanna og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Framlög eru metin á gangvirði þegar þau berast.

## 3. Framlög til barnaþorpa

	2019	2018
Framlög styrktarforeldra og barnaþorpsvina .....	422.631.445	419.807.592
Framlag til SOS International .....	(63.394.717)	(62.971.143)
Framlög til barnaþorpa .....	359.236.728	356.836.449

15% umsýslu- og eftirlitsgjald er nú ekki fært sérstaklega til lækkunar á sérstökum kostnaðarliðum, sem er breyting frá fyrra ári. Ákvörðunin hefur áhrif á skýringar 4, 7 og 8 og hefur samanburðartölum verið breytt til þess að gæta samræmis.

## Skýringar

### 4. Laun og launatengd gjöld

	2019	2018
Vinnulaun .....	43.422.026	38.979.785
Framlag í lífeyrissjóð .....	5.931.787	5.309.348
Tryggingargjald .....	3.321.703	3.089.770
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður .....	2.198.999	790.321
	<u>54.874.515</u>	<u>48.169.224</u>

15% umsýslu- og eftirlitsgjald er nú ekki fært sérstaklega til lækkunar á sérstökum kostnaðarliðum, sem er breyting frá fyrra ári. Samanburðartölum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis.

### 5. Rekstur fasteignar

	2019	2018
Fasteignagjöld .....	852.240	749.779
Rafmagn .....	96.145	89.732
Tryggingar .....	67.505	65.326
Viðhald, þrif o.fl. ....	612.658	1.041.497
Greiðslur til húsfélags .....	302.815	363.960
	<u>1.931.363</u>	<u>2.310.294</u>

### 6. Tilkostnaður vegna fjáröflunarverkefna

	2019	2018
Ýmiss kostnaður við fjáröflun .....	2.443.183	811.280
Jólaverkefni .....	1.239.383	1.928.827
SOS fréttabréf .....	9.370.670	7.889.540
Kostnaður vegna valgreiðslna .....	9.072.398	8.254.638
Burðargjöld .....	408.488	570.866
	<u>22.534.122</u>	<u>19.455.151</u>

### 7. Kynningar og markaðsmál

	2019	2018
Auglýsingar og birtingar .....	3.467.117	4.308.609
Heimasíða .....	851.405	197.156
Markaðsverkefni .....	389.030	2.138.340
	<u>4.707.552</u>	<u>6.644.105</u>

15% umsýslu- og eftirlitsgjald er nú ekki fært sérstaklega til lækkunar á sérstökum kostnaðarliðum, sem er breyting frá fyrra ári. Samanburðartölum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis.

## Skýringar

### 8. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2019	2018
Símakostnaður .....	737.549	736.053
Ritföng, prentun og pappír .....	848.729	592.794
Burðargjöld .....	102.122	142.716
Viðhald áhalda og húsbúnaðar .....	353.449	783.885
Rekstur tölvu- og hugbúnaðar .....	5.855.841	4.727.209
Endurskoðun .....	924.730	1.147.000
Tryggingar .....	61.936	59.582
Aksturskostnaður, bifreiðastyrkur .....	936.000	817.000
Matar- og kaffikostnaður .....	75.807	113.360
Bankakostnaður .....	1.719.709	4.079.914
Ferða-, fundakostnaður o.fl. ....	3.576.629	1.573.102
Kostnaður vegna styrktarforeldra .....	348.046	1.207.611
Ýmiss starfsmannakostnaður .....	531.805	577.109
Ýmiss kostnaður .....	982.553	85.814
	<u>17.054.905</u>	<u>16.643.149</u>

15% umsýslu- og eftirlitsgjald er nú ekki fært sérstaklega til lækkunar á sérstökum kostnaðarliðum, sem er breyting frá fyrra ári. Samanburðartölum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis.

### 9. Fasteign

*Fasteignin er skráð á kostnaðarverði að frádrögnum uppsöfnuðum fyrningum*

	2019	2018
Stofnverð 1/1 .....	40.583.344	34.583.344
Afskrifað alls 1/1 .....	(13.148.670)	(11.525.336)
Viðbót á árinu .....	0	6.000.000
Afskrifað á árinu .....	(1.623.334)	(1.623.334)
Bókfært verð 31/12 .....	<u>25.811.340</u>	<u>27.434.674</u>
Afskriftarhlutföll .....	4%	4%

## Skýringar

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

	2019	2018
Stofnverð 1/1 .....	14.574.603	14.574.603
Afskrifað alls 1/1 .....	(10.650.043)	(8.950.077)
Viðbót á árinu .....	2.032.951	0
Afskrifað á árinu .....	(1.733.849)	(1.699.966)
Bókfært verð 31/12 .....	4.223.662	3.924.560
Afskriftarhlutföll .....	20%	20%

### 11. Fyrirframgreidd styrktarframlög

SOS International starfrækir greiðslukerfi fyrir styrktarframlög (Shared Treasury Services / STS kerfi). Ársfjórðungslega greiðir SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem síðan dreifir styrktarframlögum til styrkþega. Í desember ár hvert greiðir t.a.m. SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem eru framlög vegna fyrsta ársfjórðungs næsta árs og myndar sú fjárhæð inneign í reikningum SOS á Íslandi, sú fjárhæð nam í árslok 2019 kr. 104.961.431.

### 12. Eignastýring

Óinnleystur hagnaður vegna eignastýringar er færður í fyrsta sinn á árinu 2019. Til lækkunar á eigninni kemur skuldbinding vegna vænts fjármagnstekjuskatts af óinnleystum hagnaði í árslok, sem er 22%.

	2019	2018
Bókfært verð fyrir leiðréttingu .....	0	334.225.945
* Leiðrétt matsvirði eignastýringar .....	0	10.594.851
Matsvirði sjóða og verðbréfa í lok árs .....	299.444.011	344.820.796
* Fjármagnstekjuskattsskuldbinding .....	(3.132.525)	(1.910.547)
	296.311.486	342.910.249

\* Nettó leiðrétting vegna 2018 nemur kr. 8.684.304. Fjárhæðum ársins 2018 hefur verið breytt til samanburðar.

## Skýringar

### 13. Sjóður og bankareikningar

	2019	2018
Sjóður .....	54.091	73.418
Arion banki, ýmsir reikningar .....	14.014.008	8.205.936
Landsbankinn, ýmsir reikningar .....	43.388.248	54.979.309
Íslandsbanki, ýmsir reikningar .....	11.546	11.390
Kvika banki, ýmsir reikningar .....	1.503.410	1.613.619
Gjaldeyrisreikningar .....	215.080.289	127.639.219
	<u>274.051.592</u>	<u>192.522.891</u>

### 14. Óráðstafað eigið fé

	2019	2018
Óráðstafað eigið fé 1/1 .....	226.122.715	145.845.457
Leiðr. v/ofgr. til SOS v/15% á móti stj.kostn .....	0	85.270.199
Færsla m. eiginfjárliða, frátekið f. framtíðarverkefni .....	(59.586.973)	0
Afkoma .....	44.165.321	952.308
Óráðstafað eigið fé, samkvæmt ársreikningi 2018 .....		<u>232.067.964</u>
* Afkoma ársins leiðrétt .....	0	67.000.000
** Fjármunir teknir frá fyrir Eþíópíu .....	0	(67.000.000)
*** Leiðrétting á SOS Víðarborg vegna STS greiðslukerfis .....	0	(14.629.553)
**** Leiðrétting óinnleysts hagnaðar verðbréfaeignar .....	0	8.684.304
	<u>210.701.063</u>	<u>226.122.715</u>

\* Á árinu 2019 var gerð sú breyting að fjármunir sem fráteknir eru fyrir verkefni eru nú flokkaðir meðal eigin fjár í stað skuldbindinga, sjá skýringu nr. 15. Vakin er athygli á því að í ársreikning fyrir árið 2018 voru 67 milljónir kr. færðar til gjalda vegna verkefnis sem er fyrirhugað í Eþíópíu en þessi ráðstöfun myndaði skuldbindingu í ársreikningi 2018. Til þess að unnt sé að bera saman uppgjörsárin 2019 og 2018 er gjaldfærsla ársins 2018 leiðrétt sem leiðir til þess að afkoma ársins 2018 hækkar um 67 milljónir kr.

\*\* Fjármunir teknir frá fyrir fyrirhugað verkefni í Eþíópíu, sjá skýringu 15.

\*\*\* Leiðrétting á vanmetinni nettó skuldbindingu SOS á Íslandi við Víðarborg árið 2018 færð í gegnum óráðstafað eigið fé. Samanburðartölum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis.

\*\*\*\* Óinnleystur hagnaður verðbréfaeignar frá fyrri árum er nú færður gegnum óráðstafað eigið fé. Samanburðartölum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis.

## Skýringar

### 15. Frátekið fyrir framtíðarverkefni

SOS á Íslandi hefur tekið frá fjármuni meðal eigin fjár, til þess að standa undir verkefnum í framtíðinni. Á árinu 2019 var gerð sú breyting að ákveðin verkefni, sem stjórn hefur ákveðið að taka til hliðar fjármagn fyrir, eru flokkuð meðal eigin fjár í stað skuldbindinga. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis.

	2019	2018
Verkefnasjóður .....	6.791.500	46.449.325
Erfðagjöf (verkefni á Grænlandi) .....	37.881.889	37.881.889
Eþíópía .....	67.000.000	67.000.000
* Fjölskyldueflingarverkefni (FSP) .....	40.876.345	2.755.047
Revolving fund .....	67.915.000	0
	<u>220.464.734</u>	<u>154.086.261</u>

\* SOS á Íslandi (SOS) hafa tekið að sér fjögur verkefni með styrk frá Utanríkisráðuneytinu (UTR). Verkefnin eru að stærstum hluta fjármögnuð af UTR en SOS leggur til 20% fjármagns, sé miðað við upphafsgengi hvers verkefnis. Þess til viðbótar ber SOS alla áhættu vegna gengisbreytinga sem verður á verkefnatímanum. UTR styrkir hvert verkefni með fastri fjárhæð og eru styrkir tekjufærðir eftir framvindu verkefnanna. SOS hefur tekið frá fjármuni meðal eigin fjár til þess að standa straum af sínum hluta í verkefnunum, auk þess hafa verið teknir frá fjármunir til þess að standa stam af gengisbreytingu sem hefur orðið m.v. árslok 2019.

#### a) Tulu Moye í Eþíópíu:

Verkefnið hófst árið 2018 og er til fjögurra ára. Heildar styrkuppþæð UTR er 67,6 milljónir kr. og eru 16,7 milljónir kr. tekjufærðar á rekstur ársins 2019. Á árinu 2019 voru greiddar EUR 195.086 til verkefnisins og eru eftirstöðvar verkefnisins EUR 296.028 eða kr. 37.035.951 (miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 31.12.2019). Á árinu 2019 greiddi UTR styrk til SOS vegna ársins 2020, er sú fjárhæð færð sem skuld við UTR í árslok, sjá skýringu nr. 17.

#### b) Sómalía og Sómalíuland:

Verkefnið er til þriggja ára og hófst á árinu 2019. Heildar styrkuppþæð UTR er 45,5 milljónir kr. Á árinu 2019 voru greiddar EUR 119.374 til verkefnisins og eru eftirstöðvar verkefnisins EUR 360.286 eða kr. 48.937.668 (miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 31.12.2019).

#### c) Filippseyjar

Verkefnið er til þriggja ára og hófst á árinu 2019. Heildar styrkuppþæð UTR er 51,5 milljónir kr. Á árinu 2019 voru greiddar EUR 119.374 til verkefnisins og eru eftirstöðvar verkefnisins EUR 279.835 eða kr. 38.009.991 (miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 31.12.2019).

#### d) Tógó

Verkefnið er til þriggja ára og hefst árið 2020. Heildar styrkuppþæð UTR er 35,9 milljónir kr. en heildarskuldbinding verkefnisins er EUR 316.984 eða 43 milljónir kr. (miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 31.12.2019). UTR greiddi styrk, vegna ársins 2020 á árinu 2019, sem er fært sem skuld við UTR í árslok, sjá skýringu nr. 17.

## Skýringar

### 16. SOS Vínarborg

Skuldbinding er vegna framlaga styrktarforeldra og barnaþorpsvina frá 1. júlí 2019 til ársloka 2019. Framlag þetta greiðist til Vínarborgar á árinu 2020.

Á árinu 2019 var gerð sú breyting að brúttó skuldbinding er birt í ársreikning í stað nettó skuldbindingar, þ.e. skuldbinding að frádræginni inneign í STS kerfinu. Inneign í STS kerfinu er færð meðal veltufjármuna, sjá skýringu nr. 11.

Á árinu 2018 var nettó skuldbinding SOS á Íslandi vanmetin um 14,6 milljónir kr. Leiðrétting vegna þess er færð í gegnum óráðstafað eigið fé, sjá skýringu nr. 14. Samanburðartölum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis.

Hér að neðan má sjá nettó skuldbindingu við Vínarborg ásamt leiðréttingu á skuldbindingu ársins 2018.

	2019	2018
Skuldbinding við Vínarborg í ársreikningi 2018 .....		34.856.064
Vanmat á skuldbindingu ársins 2018 .....		14.629.553
Nettó skuldbinding við Vínarborg .....	86.234.475	49.485.617
Fyrirframgreidd styrktarframlög (skýring nr. 11) .....	104.961.431	139.615.034
Skuldbinding við Vínarborg .....	191.195.906	189.100.651

### 17. Ýmsar skammtímaskuldir

	2019	2018
* Skuldbinding við Utanríkisráðuneytið .....	28.732.236	39.890.981
* Skuldbinding vegna verkefna erlendis .....	0	23.429.579
Staðgreiðsla starfsmanna .....	1.155.264	832.989
Lífeyrissjóður, félagsgjöld o.fl. v/starfsmanna .....	1.104.350	812.356
Ógreitt tryggingargjald .....	334.686	272.844
Fyrirframgreitt styrktarframlag .....	464.548	783.248
Trygging vegna húsaleigu .....	465.000	465.000
Aðrar skammtímaskuldir .....	5.224.585	5.298.327
	37.480.669	71.785.324

\* Á árinu 2019 var gerð sú breyting að ákveðin verkefni, sem stjórn hefur ákveðið að taka til hliðar fjármagn fyrir, eru flokkuð meðal eigin fjár í stað skuldbindinga. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis.

18. Þann 6. mars lýsti ríkislögreglustjóri yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við sóttvarnarlækni vegna veirufaraldurs sem veldur COVID-19 sjúkdómnum. Faraldurinn hefur ekki haft neikvæð áhrif á rekstur samtakanna til skamms tíma en áhrif hans eru ófyrirséð og ekki liggur fyrir hve lengi þetta ástand muni vara. Ekkert bendir til að faraldurinn hafi áhrif á grundvallarforsendur samtakanna.